



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 17. september 2021

2106020SA AGB

Málalykill: 01.53

### **Efni: Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna í íslenskum sveitarfélögum, stuðningsverkefni frá hausti 2021 til vors 2022**

Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur fengið styrk úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að styðja við innleiðingu heimsmarkmiðanna í sveitarfélögum á grundvelli [verkfærakistu um heimsmarkmiðin](#) fyrir sveitarfélög sem kom út í maí 2021.

Unnið verður með sveitarfélögum í tveimur hópum eftir því hvar þau eru stödd gagnvart markmiðunum. Þau sem eru komin nokkuð áleiðis í vinnu að innleiðingu markmiðanna munu fá fræðslu og stuðning ráðgjafa til að setja sér fullmótaða aðgerðaráætlun. Hinn hópurinn mun fá fræðslu og stuðning ráðgjafa til að móta grunn fyrir áframhaldandi innleiðingu eftir sveitarstjórnarkosningar næsta vor. Reynsla þeirra sem eru komin lengra verður nýtt fyrir þau sem eru komin skemur á veg. Hvert sveitarfélag þarf að tilefna tvo fulltrúa, annars vegar kjörinn fulltrúa og hins vegar starfsmann til að bera ábyrgð á innleiðingavinnunni innan sveitarfélags og taka þátt í 1-2 vinnustofum, auk stöðu- og lokafunda, sjá nánar meðfylgjandi p.p.kynningu. Samstaða innan sveitarstjórnar um þátttöku er mjög mikilvæg til að auka líkur á framhaldi vinnunnar eftir sveitarstjórnarkosningar 2022.

**Umsókn um þátttöku skal hafa borist fyrir 15. október nk. á [þessu formi](#).** Ef spurningar vakna er hægt að hafa samband við Önnu G. Björnsdóttur sviðsstjóra, [anna@samband.is](mailto:anna@samband.is).

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri